

Fjallalax ehf.  
Strandgötu 11  
465 Bíldudalur

Reykjavík, 22.8.2024  
UST202401-314/F.T.  
08.12.02

## Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna fráviks í eftirliti

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 29.7.2024, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í fiskeldi Fjallalax ehf. að Hallkelshólum í Grímsnesi þann 19. júní 2024. Öðru frávikinu var lokað í bréfinu þar sem viðeigandi gögn höfðu borist. Þann 12. ágúst barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### Frávikin eru eftirfarandi:

- Í grein 4.4 í starfsleyfi er krafa um ársyfirlit fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirlitið barst of seint. Ársyfirlitið barst 10. júlí sl. **Frávik var lokað í bréfi með eftirlitsskýrslu. Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur einnig fram að þess skuli gætt að skila inn ársyfirliti í tíma fyrir árið 2024.**
- Í grein 4.3 í starfsleyfi eru kröfur um sýnatökur í frárennsli. Taka skal sýni og mæla efnainnihald við inntak og í útrás frárennslis tvisvar á ári. Niðurstöðum mælinga skal skila til eftirlitsaðila tvisvar á ári. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila liggja niðurstöður úr frárennsli á hámarkslífmassa fyrir frá því í mars sl. Sýni úr frárennsli verða tekin þegar stöðin kemst á lágmarkslífmassa síðar á árinu.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Auður Eyberg Helgadóttir  
séfræðingur